# RÆKJA – *NORTHERN SHRIMP* (ELDEY)

## *Pandalus borealis*

## RÁÐGJÖF – *ADVICE*

Hafrannsóknastofnun leggur til í samræmi við varúðarsjónarmið að rækjuveiðar verði ekki heimilaðar á svæðinu við Eldey á almanaksárinu 2020.

*MFRI advises that when the precautionary approach is applied, zero catch is allowed in the Eldey area in the calendar year 2020.*

## STOFNÞRÓUN – *STOCK DEVELOPMENT*

Samkvæmt stofnmælingu sumarið 2020 er stærð rækjustofnsins við Eldey undir varúðarmörkum stofnsins ($I_{lim}$). Vísitala veiðihlutfalls var á bilinu 0.3–0.5 frá árinu 2013 til 2016.

*According to the annual shrimp survey in summer 2020, the shrimp stock in the Eldey area is below $I_{lim}$. In 2013-2016, the $F_{proxy}$ has ranged from 0.3–0.5.*




**Rækja Eldey.** Afli, vísitala veiðihlutfalls og heildar stofnvísitala ásamt varúðarmörkum ($I_{lim}$).
***Northern shrimp Eldey.*** *Catches, $F_{proxy}$.and total biomass index and $I_{lim}$,*

## STOFNMAT OG GÁTMÖRK – *BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS*

| | |
|---|---|
| Forsendur ráðgjafar<br>*Advice basis* | Varúðarnálgun<br>*Precautionary approach* |
| Aflaregla<br>*Management plan* | Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn<br>*There is no management plan for this stock* |
| Stofnmat<br>*Assessment type* | Byggt á tímaháðum breytingum í afla og stofnmælingum<br>*Trends in biomass indicators and catch* |
| Inntaksgögn<br>*Input data* | Afli og vísitölur (heildar) úr stofnmælingu rækju<br>*Commercial catch and total biomass index (Icelandic shrimp survey)* |

| Nálgun<br>*Framework* | Gátmörk<br>*Reference point* | Gildi<br>*Value* | Grundvöllur<br>*Basis* |
|---|---|---|---|
| Varúðarnálgun<br>*Precautionary approach* | Markgildi $F_{proxy}$<br>*Target $F_{proxy}$* | 0.5 | Sögulegt samband afla og stofnvísitölu rækju á grunnslóð<br>*Historical relationship between catch and survey indices of inshore shrimp stocks* |
| | $I_{lim}$ | 300 | Varúðarmörk (Blim ). Gildi stofnvísitölu sem er 12% af meðaltali þriggja hæstu vísitölugilda.<br>*Proxy for $B_{lim}$ Biomass index value of 12% of the mean of the three highest indices.* |

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflagreiningu, en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum á stofnstærð (Category 3 stocks; ICES, 2012). Heildar stofnvísitala og afli eru notuð til að reikna vísitölu veiðihlutfalls ($F_{proxy}$ = afli/vísitölu). Ráðgjöf byggir á markgildi á vísitölu veiðihlutfalls (target $F_{proxy}$) sem talið er samræmast varúðarnálgun út frá sögulegu sambandi afla og stofnvísitölu rækju á grunnslóð. Ráðgjöfin er fengin með því að margfalda markgildi $F_{proxy}$ og nýjasta gildi vísitölu heildarstofns, að því gefnu að vísitalan sé yfir varúðarmörkum ($I_{lim}$ = 300). Vísitala heildarstofns árið 2020 er undir varúðarmörkum eða 154.

*The advice follows the ICES framework for category 3 stocks for which analytical assessment is not possible, but trends in biomass indicators are assumed to reflect changes in stock dynamics (ICES 2012). The Icelandic shrimp survey was used as a biomass indicator. A target $F_{proxy}$ (catch/survey index) of 0.5 is considered precautionary based on the historical relationship between catch and survey indices of inshore shrimp stocks. The advice is based on multiplying the target $F_{proxy}$ with the most recent index value, given that the index value is above $I_{lim}$ (300). As the total biomass index value in 2020 is below $I_{lim}$ or 154.*

| | |
|---|---|
| Vísitala 2020 – *Index 2020* | 154 |
| Markgildi $F_{proxy}$ – *Target $F_{proxy}$* | 0.5 |
| Varúðarmörk - $I_{lim}$ | 300 |
| Ráðgjöf – *Catch advice* | 0 t |

## AÐRAR UPPLÝSINGAR – *OTHER INFORMATION*

Lítið hefur fengist af þorski og ýsu í stofnmælingu rækju við Eldey frá árinu 2010 en árið 2020 fékkst mikið af ýsu.

*The abundance of cod and haddock in the shrimp survey in the Eldey area has been low since 2010 but in 2020 the abundance of haddock was high.*

## RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – *ADVICE, TAC AND CATCH*

**Rækja Eldey.** Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).
***Northern shrimp Eldey.*** *Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).*

| Ár<br>*Year* | Tillaga<br>*Rec. TAC* | Aflamark<br>*National TAC* | Afli<br>*Catches* |
|---|---|---|---|
| 2010 | 0 | - | 1 |
| 2011 | 0 | - | 0 |
| 2012 | 0 | - | 0 |
| 2013 | 250 | 250 | 179 |
| 2014 | 200 | 200 | 197 |
| 2015 | 200 | 200 | 202 |
| 2016 | 171 | 171 | 146 |
| 2017 | 0 | 0 | 0 |
| 2018 | 0 | 0 | 0 |
| 2019 | - | - | 0 |
| 2020 | 0 | | |

## HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – *REFERENCES AND FURTHER READING*

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68.
http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%202012.pdf

MFRI Assessment Reports 2020. Northern shrimp in the Eldey area. Marine and Freshwater Research Institute, 6 August 2020.